

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um kattahald nr. 925/2003.

2. gr.

Við leyfisveitingu katta skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting kr. 1.850

3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn köttur kr. 1.850

4. gr.

Greiðslur vegna merkinga og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ nr. 1207/2005.

Ísafjarðarbæ, 2. janúar 2007.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2007